

Verk Finnboga á Kjarvalsstöðum. „Fljótt á litid eru þetta bara ósköp venjulegar skólplagnir en þegar nánar er að gáð kemur í ljós að um eins konar hljóðfæri er að ræða.“ DV-mynd BG

Frumstætt seiðmagn

– Finnbogi Pétursson á Kjarvalsstöðum

Finnbogi Pétursson hefur á síðustu árum notið sérstöðu á innlendum myndlistarvettvangi vegna þess hvernig hann hefur tvinnað saman myndlist og tónlist og jafnframt listina og tæknina. Í inngangi skrár sýningar Finnboga er nú hefur verið opnuð á Kjarvalsstöðum, fjallar Halldór Björn Runólfsson um samþáttun listgreina frá fornu fari og finnur samsvörun með list Finnboga hjá þrakverska skáldinu og hljóðfæraleikaranum Orfeifi og rekur samþáttunarhugmyndir listamanna á borð við Shelley, Rimbaud, Kandinsky, Skrjabín, Wagner og Nam June Paik. Þar er í flestum tilvikum um að ræða hugmyndir um að litir eigi sér samsvarandi tón og öfugt. Finnbogi hefur strangt til tekið ekki fjallað um slíka samsvörun í list sinni. Að mínu mati má allt eins tengja listið hans við það uppgjör við móðernismann sem átti sér stað fyrir u.þ.b. áratug en á rætur m.a. í dadaismannum og hugmyndalistinni. Bæði í Evrópu og Bandaríkjunum komu fram á sjónarsviðið vídeó- og gernalistamenn sem byggðu að töluverðu leyti verk sín á tæknilegri þekkingu. Örtölvubyltingin fyrir rúmum áratug átti þarna að sjálfsögðu nokkurn þátt, en einnig svonefnd „iðnaðarmenn-ing“ er spratt upp úr borgaralegri fíringu pönksins. Viðleitnin var ekki einungis sú að tvinna saman listina og tæknina að hætti Leonardos, heldur einnig að senda skýr skilaboð til ómannlegs samfélags sem studdi listir og menningu á meðan það sópaði kjarnaúrgangi undir mottuna. Bandaríski gernalistamaðurinn Mark Pauline bjó þannig til vélmenni sem hann lét ráðast hvert á annað á viggirtu svæði.

Eins konar hljóðfæri

Finnbogi Pétursson hefur að sönnu ekki verið ýkja herskár í sinni list, en sagt er að allar tækniframfarir byggist í raun á því hvort

þær nýtist í hernaði. Allt um það hafa sum verka Finnboga verið býsna ágeng, s.s. rör er hann lét sveiflast í vegg fyrrum frystiklefa í hinu nýstofnaða Listasafni Akureyrar á opnunarsýningu þess. Önnur eftirminnleg verk Finnboga frá

þannig: „Lífsgaldur Geoffrey Hendricks“.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

síðustu árum, s.s. „Hringur“ – verk sýnt í Nýlistasafninu 1991 er samanstóð af sínustóni úr hátalara sem gáraði vatn og gerði skuggamynd – og „Pendúlar“, sýnt í Listasafni Íslands sl. sumar á sýningunni Borealis, er samanstóð af hátölurum sem festir voru á endann á járnrorum og sveifluðust yfir hljóðnum á gólfi – vekja fremur dulúð og hafa til að bera óskilgreint frumstætt seiðmagn sem maður tengir alls ekki tækni þó svo að vírar og tengingar séu áberandi og stór þáttur í útlitinu. Hið sama má segja um það verk sem Finnbogi hefur nú sett upp á 25 metra löngum vegg miðsalarins á Kjarvalsstöðum. Fljótt á litid eru þetta bara ósköp venjulegar skólplagnir, en þegar nánar er að gáð kemur í ljós að hér er um eins konar hljóðfæri að ræða. Finnbogi hefur hér ræðað upp sjö mislögum plaströrum sem eru rofin á mismunandi stöðum. Samkvæmt sýningarskrá varpa tveir forritar út átta púlsum tengdum í hátalara aftast í hverju röri, en stuttbylgjuskali útvarpsendis er látinn mynda hljóðin sem kýld eru með áslætti gegnum rörin. Hér hefur Finnboga enn einu sinni tekið að virkja umhverfið á útsjónarsaman hátt. Efniviðurinn er hversdagsleg iðnaðarframleiðsla líkt og áður, en útkoman er seiðmagnað verk, knúid dularfullum krafti. Slæm villa slæddist inn í fyrirsögn greinar minnar um Geoffrey Hendricks. Rétt er fyrirsögnin

Reyklaust frystihús

Helgi Jónsson, DV, Ólafsfirði:

Hraðfrystihús Ólafsfjarðar varð reyklaust um áramótin og mun það vera fyrsta frystihúsið á landinu sem verður algjörlega reyklaust. Ákvörðun um að reykja ekki innan veggja fyrirtækisins var tekin fyrir í vetur og var nokkur aðdragandi að því, m.a. var Halldóra Bjarna-

dóttir frá Krabbameinsfélaginu fengin til að halda námskeið.

Karl Guðmundsson, framkvæmdastjóri HÓ, segir það stefnu fyrirtækisins að breyta mynd þess – hér sé um fyrirtæki í matvælaíðnaði að ræða og það samræmist ekki starfsemi að starfsfólkið reyki á vinnustað.

ROKKTÓNLEIKAR
SSSÓL
SIGTRYGGUR
DYRAVÖRÐUR
NÝDÖNSK
STJÓRNIN
FÓSTUDAGINN
21.
JANÚAR
HÚSIÐ ÖPNAR KL. 22.00
MIÐAVERÐ KR. 700
EINKA KORTA FAR KR. 500
FORSALA
Í HINU HÚSINU
FRÁ KL. 18.00
ALDURSTAKMARK
17 ÁRA (FÆDD 77)
PERSONUSKILRÍKI
BRAUTARHOLTÍ 20
BALLÍÐ STENDUR TIL KL. 03.00


Launagreiðendur - Launþegar Staðgreiðsla af hlunnindum

Kostnaður vegna ferða til og frá vinnustað

Kostnað launþega við ferðir til og frá vinnustað ber að telja til persónulegra útgjalda. Greiði vinnuveitandi þennan kostnað að öllu leyti eða að hluta skal telja þau persónulegu útgjöld sem þannig sparast launþega til staðgreiðsluskyldra tekna hans.

Greiði vinnuveitandi kostnað vegna ferða launamanns til og frá vinnustað ber að standa skil á staðgreiðslu af þeim greiðslum.

Ókeypiss flutning til og frá vinnustað ber að meta til staðgreiðsluskyldra hlunninda. Á svæðum þar sem almenningssvagnar ganga skal miða hina skattskyldu fjárhæð við vagnfargjöldin á hverjum tíma (á Stór-Reykjavíkarsvæði skal miða við kostnaðarverð mánaðarkorta).



LÁTTU EKKI OF MIKINN HRABA VALDA ÞÉR SKAÐA!



UMFERDAR RÁÐ

RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI